

KJARASAMNINGUR

**Milli Leikfélags Reykjavíkur ses (LR) kt. 420269-6849 og
Félags íslenskra leikara (FÍL) kt. 530169-7319
um kaup og kjör leikara.**

1 Kafli Launaflokkar og kaup

1.1 Mánaðarlaun frá 1. október 2016 (6,2% hækkun innreiknuð)

	1. október 2016		0,6150%	1,0385%
Lauf.		laun	tímavinna	yfirvinna
1	Byrjunarlaun	430.761	2.649	4.473
2	Eftir 1 ár í starfi	450.195	2.769	4.675
3	Eftir 3 ár í starfi	461.529	2.838	4.793
4	Eftir 6 ár í starfi eða lífaldur 35-39	482.582	2.968	5.012
5	Eftir 12 ár í starfi eða lífaldur 40-44	505.254	3.107	5.247
6	Eftir 20 ár í starfi eða lífaldur 45-49	516.589	3.177	5.365
7	Eftir 25 ár í starfi eða lífaldur 50-54	540.880	3.362	5.617
8	Eftir 30 ár í starfi eða lífaldur 55+	566.792	3.486	5.886

1.2 Röðun í launaflokka

Röðun í launaflokka í launatöflu skv. 1.1. miðast við eftirfarandi:

Flokkur 1 – 3 starfsaldur

Flokkur 4 – 8 lífaldur eða starfsaldur

1.3 Útborgun launa

Laun greiðast mánaðarlega eftir á. Útborgunardagur launa er fyrsti virki dagur hvers mánaðar. Uppgjörstími vinnuskyldu og yfirvinnu er frá 24. degi hvers mánaðar til 23. dags næsta mánaðar á eftir.

1.4 Tímavinnukaup og dagkaup

Tímavinnukaup í hverjum launaflokki er 0,615% af mánaðarlaunum leikara skv. grein 1.1.

1.5 Greiðsla fyrir sýningar

Sjá grein 2.7.1

1.6 Desember- og orlofsuppbót

1.6.1 Desemberuppbót

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðað við fullt starf tekur mið af kjarasamningi VR og SA og skal vera sama krónutala.

Á árinu 2016 kr. 82.000.

Á árinu 2017 kr. 86.000.

Á árinu 2018 kr. 89.000.

Fullt ársstarf telst í þessu sambandi 45 unnar vikur eða meira fyrir utan orlof. Uppbótin greiðist eigi síðar en 15. desember ár hvert, miðað við starfshlutfall og starfstíma, öllum leikurum sem verið hafa samfelld í starfi hjá atvinnurekanda í 12 vikur á síðustu 12 mánuðum eða eru í starfi fyrstu viku í desember. Heimilt er með samkomulagi við leikara að uppgjörstímabil sé frá 1. desember til 30. nóvember ár hvert í stað almanaksárs.

Desemberuppbót innifelur orlof, er föst tala og tekur ekki breytingum skv. öðrum ákvæðum. Áunna desemberuppbót skal gera upp samhliða starfslokum verði þau fyrir gjalddaga uppbótarinnar.

1.6.2 Orlofsuppbót

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1. maí til 30. apríl) miðað við fullt starf tekur við af kjarasamningi VR og SA og skal vera sama krónutala.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2016 kr. 44.500.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2017 kr. 46.500.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2018 kr. 48.000.

Fullt ársstarf telst í þessu sambandi 45 unnar vikur eða meira fyrir utan orlof. Uppbótin greiðist þann 1. júní miðað við starfshlutfall og starfstíma á orlofsárinu, öllum leikurum sem verið hafa samfelld í starfi hjá atvinnurekanda í 12 vikur á síðustu 12 mánuðum m.v. 30. apríl eða eru í starfi fyrstu viku í maí.

Orlofsuppbót innifelur orlof, eru föst tala og tekur ekki breytingum skv. öðrum ákvæðum. Áunna orlofsuppbót skal gera upp samhliða starfslokum verði þau fyrir gjalddaga uppbótarinnar.

1.6.3 Ávinnsla orlofs- og desemberuppbóta í fæðingarorlofi

Eftir eins árs starf hjá sama vinnuveitanda teljast fjarvistir vegna lögbundins fæðingarorlofs til starfstíma við útreikning desember- og orlofsuppbótar. Sama gildir ef kona þarf af öryggisástæðum að leggja niður störf á meðgöngutíma, sbr. reglugerð

um ráðstafanir til þess að auka öryggi og heilbrigði á vinnustöðum fyrir konur sem eru þungaðar, hafa nýlega alið barn eða hafa barn á brjósti.

1.7 Yfirvinnukaup

Yfirvinna telst sú vinna sem innt er af hendi utan vinnuskyldu skv. samningi þessum.

Yfirvinna er greidd með tímakaupi. Tímakaup fyrir yfirvinnu er 1,0385% af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu, sé ekki um annað samið.

1.8 Viðtal við yfirmann

Leikari á rétt á viðtali við yfirmann einu sinni á ári um störf sín, þ.m.t. frammistöðu og markmið og hugsanlegar breytingar á starfskjörum. Niðurstaða viðtals skal liggja fyrir innan mánaðar.

1.9 Viðveruskráning – vinnuskýrslur

Leikara ber að skrá sig inn/út í viðveruskráningakerfi LR við upphaf og lok vinnu. LR leggur til sérstakt vinnuskýrsluform sem leikara ber að fylla reglulega inn á og skila í rafrænu formi til launadeildar eigi síðar en 25. hvers mánaðar.

2 Kafli - Um vinnutíma og vinnuskyldu

2.1 Vinnuskylda

2.1.1 Vinnuskylda fastráðins (sbr. grein 6.2.1) og ársráðins leikara (sbr. grein 6.2.2) er 40 stundir á viku m.v. fullt starf.

2.1.2 Vinnuskylda verkefnaráðins leikara (sbr. grein 6.2.3) er 40 stundir á viku m.v. fullt starf.

2.1.3 Vinnuskyldu innir fastráðinn, ársráðinn og verkefnaráðinn leikari af hendi með leiksýningum skv. ákvörðun LR, æfingum, heimavinnu og annarri vinnu skv. gr. 2.1.7.

2.1.4 Æfingar

Daglegur æfingatími skal vera á tímabilinu frá kl. 09:00-17:00, frá mánudegi til fimmtudags. Á föstudögum skal æfingum ljúka eigi síðar en kl. 16:00. Hámarkslengd daglegra æfinga má vera 6. klst. samfelld. Hver byrjuð æfing telst 4 klst. minnst í vinnuskyldu. Heimilt er að æfa fleiri en eitt leikverk innan æfingadagsins séu æfingar samfelldar.

Heimilar eru 8 kvöldæfingar á hverju verki innan vinnuskyldu. Kvöldæfingar umfram þessar 8 greiðast með yfirvinnukaupi. Kvöldæfingar mega standa í 6 klst. á tímabilinu 18:00 – 24:00. Kjósi aðilar að hnika til æfingatíma til hagræðis fyrir báða má gera samkomulag um slíkt.

Kvöldæfingar eru leyfðar frá þriðjudegi til fimmtudags, þó er heimilt að æfa síðustu tvo föstudaga fyrir hverja frumsýningu og síðasta mánudagskvöld fyrir hverja frumsýningu innan vinnuskyldu.

Æfing hefst þegar leikari mætir skv. æfingaboði á leiksvið eða samlestur byrjar. Æfingu lýkur þegar leikari yfirgefur leiksviðið eða þegar samlestri er hætt skv. æfingaboði. Sá tími sem leikari er að farða sig, íklæðast búningi eða sinna öðrum undirbúningi að beiðni leikstjóra telst til æfingatímans, sem og sá tími sem tekur leikara að fjarlægja gervi og afklæðast búningi.

Leikari skal vera laus frá æfingu minnst 4,5 klst. áður en leiksýning sem hann er þátttakandi í hefst. Standi æfing það lengi að 4,5 klst hlé náist ekki skal greiða samfelldan vinnutíma milli æfingar og sýningar.

2.1.5 Heimavinna

Æfingar heima (heimavinna) reiknast 6 klst. á viku í vinnuskyldu. Frá og með 1. ágúst 2017 verður heimavinna 7 klst. á viku í vinnuskyldu. Fyrir mjög stór hlutverk skal heimavinna reiknast 10 klst. á æfingatímanum. Mat á hlutverkastærð skal vera í höndum leikhússtjóra, leikstjóra og trúnaðarmanns sýningarinnar og skal leikari

a.m.k. einum mánuði fyrir frumsýningu óska eftir niðurstöðu matsnefndarinnar.
Leikarari getur þó óskað eftir endurmati tveimur vikum fyrir frumsýningu

2.1.6 Vinnutími í leiksýningum

Vinnutími í leiksýningum reiknast sem 5 klst. Sérstaklega stór hlutverk reiknast sem 7 klst. Mat á hlutverkastærð skal vera í höndum leikhússtjóra, leikstjóra og trúnaðarmanns sýningarinnar og skal leikari a.m.k. einum mánuði fyrir frumsýningu óska eftir niðurstöðu matsnefndarinnar.

Til vinnutíma í leiksýningum telst sá tími sem leiksýning stendur auk tímans sem tekur leikara íklæðast búningi, farða sig og sinna öðrum undirbúningi í samræmi við boðun. Auk þess tíminn sem tekur að afklæðast búningi og fjarlægja gervi að sýningu lokinni.

Standi leiksýning lengur en 3½ klst. að meðtöldu leikhléi, skal reikna 1 klst. til viðbótar.

Standi leiksýning lengur en 4 klst. að meðtöldu leikhléi, skal reikna samtals 2 klst. til viðbótar.

Sýning sem tekur 1 klst. eða minna í flutningi skal bóka sem 3 klst. í vinnuskýrslu. Sýning sem að meðtöldu leikhléi tekur 1½ klst. eða minna í flutningi skal bóka sem 4 klst. í vinnuskýrslu.

Ef um sýningu er að ræða þar sem aðeins einn leikari tekur þátt, skal semja sérstaklega um tímafjölda sem reiknast inn í vinnuskyldu.

Taki leikari þátt í fleiri en einni sýningu á sama verki á dag, sem sýndar eru hvor á eftir annarri, skal hann fá bókaðar 1,5 klst í vinnuskyldu fyrir biðtíma milli leiksýninga, en ella skal biðtími reiknast 3 klst. Falli sýningar niður innan 48 klst. skal ekki bóka biðtíma.

Heimilt er að sýna stuttar skólasýningar á daglegum æfingatíma innan vinnuskyldu. Lágmarksútkall skráist sem 4 klst.

2.1.7 Önnur störf

Með viku fyrirvara er hægt að boða leikara í vinnu innan vinnuskyldu eins og um æfingu væri að ræða við eftirfarandi: verkefnaval, þjálfun líkama og raddar, starf með dramatúrgi og höfundum að verkum í vinnslu, námskeið og endurmenntun, aðstoð við leikstjórn og námskeiðahald, leiklestur, undirbúning og móttöku skólabarna, hópa o.þ.h. sem koma til að kynnast starfsemi leikhússins og önnur sérstök átaksverkefni.

Með viku fyrirvara er hægt að boða leikara í vinnu innan vinnuskyldu eins og um æfingu eða sýningu væri að ræða þegar leikhúsið kynnir starfsemi sína s.s. árleg kynning að hausti og önnur sérstök átaksverkefni. Skal stjórn 2. deildar upplýst fyrirfram um slíkar boðanir.

Með samþykki leikara má boða hann, eins og um æfingu væri að ræða í vinnu við hvísl.

- 2.1.8 Heimilt er að haga vinnu með öðrum hætti en í kafla þessum greinir (2. kafla) með samkomulagi leikara og LR.

2.2 Frídagar

- 2.2.1 Sýningar mega vera alla daga vikunnar nema mánudaga. Undanskyldir eru þó; Annar í hvítasunnu og Annar í jólum, beri hann upp á mánudag. Sýningar eru ekki leyfðar á þeim dögum sem tilgreindir eru í gr. 2.4.6. Heimilt er að sýna skólasýningar á mánudögum innan daglegs æfingatíma og vikulegrar vinnuskyldu svo framarlega sem ákvæði um vikulegan frídag sé virt.

2.2.2 Páskavika

Leikarar sem sýna og æfa í páskavikunni, þ.e. frá og með miðvikudegi fyrir páska til og með þriðjudags eftir páska, skulu fá viku samfelld frí á leikárinu eða greidda álagsgreiðslu sem nemur 23% fastra mánaðarlauna skv. grein 1.1. Ef leikari velur að taka leyfi skal leikhússtjóri reyna að koma til móts við óskir leikara um hvenær er unnt að veita slíkt leyfi. Leikarar sem sýna eiga í páskavikunni skulu fá vitneskju um það eins fljótt og auðið er, en þó ekki síðar en með sex vikna fyrirvara.

2.3 Frí í stað yfirvinnu

- 2.3.1 Heimilt er með samkomulagi milli vinnuveitanda og leikara að greiða fyrir yfirvinnu með fríum á dagvinnutímabili. Ef ekki er um annað samið skal leggja verðgildi unninna vinnutíma (með eftirvinnu- eða yfirvinnuálagi eftir því sem við á) til grundvallar.

2.4 Hvíldartími

- 2.4.1 Í kafla þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Vinnutími*: Sá tími sem leikari er við störf, til taks fyrir atvinnurekandann og innir af hendi störf sín eða skyldur.
2. *Hvíldartími*: Sá tími sem ekki telst til vinnutíma.
3. *Næturvinnutími*: Tímabil sem ekki er skemmra en sjö klukkustundir og skal ná yfir tímabilið frá miðnætti til klukkan fimm að morgni. Um nánari afmörkun tímabilsins fer samkvæmt samkomulagi samtaka aðila vinnumarkaðarins.
4. *Næturvinnustarfsmaður* er:
 - a. Starfsmaður sem venjulega vinnur að minnsta kosti þrjár klukkustundir af daglegum vinnutíma sínum á næturvinnutíma og/eða
 - b. Starfsmaður sem ætlast er til að inni af hendi tiltekinn hluta af ársvinnuframlagi sínu á næturvinnutíma samkvæmt samkomulagi samtaka aðila vinnumarkaðarins.

5. *Vaktavinna*: Vinna sem skipt er niður samkvæmt fyrir fram ákveðnu fyrirkomulagi þar sem starfsmaður vinnur á mismunandi vöktum á tilteknu tímabili sem mælt er í dögum eða vikum.
6. *Vaktavinnustarfsmaður*: Starfsmaður sem vinnur vaktavinnu.

2.4.2 Ákvæði þessa kafla gilda ekki um æðstu stjórnendur eða aðra þá sem ráða vinnutíma sínum sjálfir.

2.4.3 Vinnutíma skal haga þannig að á hverjum 24 klukkustundum, reiknað frá byrjun vinnudags, fái leikarar að minnsta kosti 11 klukkustunda samfellda hvíld.

Með samkomulagi LR og FÍL er heimilt að stytta samfelldan hvíldartíma í allt að átta klukkustundir ef eðli starfs eða sérstakir atvinnuhættir gera frávík nauðsynleg.

Heimilt er að víkja frá ákvæði 1. mgr. verði truflun á starfsemi vegna ytri aðstæðna, svo sem vegna veðurs eða annarra náttúruafla, slysa, orkuskorts, bilunar í vélum, tækjum eða öðrum búnaði eða annarra tilsvareandi ófyrirséðra atburða, að því marki sem nauðsynlegt er, til að koma í veg fyrir verulegt tjón, þar til regluleg starfsemi hefur komist á að nýju.

Sé daglegur hvíldartími stytur skv. 2. eða 3. mgr. skal leikari fá samsvarandi hvíldartíma síðar.

2.4.4 Á hverju sjö daga tímabili skal leikari fá að minnsta kosti einn vikulegan frídag sem tengist beint daglegum hvíldartíma skv. 2.4.3.

Ef nauðsyn krefur og sérstök þörf er á vegna eðlis starfs leikara og starfsemi leikhúsa er LR heimilt í samráði við leikara að fresta vikulegum frídegi að leikari fái samsvarandi hvíldartíma síðar og ávallt innan 14 daga komi tveir samfelldir frídagar. Þess verði þó ávallt gætt með öllum ráðum að leikari fái nauðsynlegan vikulegan frídag

Enn fremur er heimilt að fresta vikulegum frídegi þegar ytri aðstæður, svo sem veður og önnur náttúruöfl, slys, orkuskortur, bilun á vélum, tækjum eða öðrum búnaði, eða aðrir tilsvareandi ófyrirséðir atburðir trufla eða hafa truflað rekstur og nauðsyn er að halda uppi þjónustu eða framleiðslu, enda fái leikari samsvarandi hvíldartíma síðar og eins fljótt og við verður komið.

2.4.5 Hámarksvinnutími leikara á viku að yfirvinnu meðtalinni skal ekki vera umfram 48 klukkustundir að meðaltali á hverju 6 mánaða tímabili, reiknuðu frá 1. febrúar til 31. júlí og 1. ágúst til 31. janúar.

Einungis vinnutími, sbr. 1. tölul. 2.4.1., skal talinn við meðaltalsútreikninga skv. 1.–3. mgr. Árlegt launað lágmarksorlof samkvæmt lögum og veikindaforföll skulu ekki talin með við meðaltalsútreikningana.

2.4.6 Eftirgreindir dagar teljast ekki vikulegir hvíldardagar leikara skv. reglum um hvíldartíma í lögum nr. 46/1980:

Nýársdagur - Föstudagurinn langi- Páskadagur -Hvítasunnudagur

1. maí - 17. júní - Aðfangadagur jóla – Jóladaður - Gamlársdagur

2.5 Boðun og mætingar

2.5.1 Leikara ber að fylgjast með æfinga- og sýningaáætlun LR sem skal greinilega tilkynnt á aðgengilegum stað í leikhúsinu. Á föstudögum skal æfingartími næstu 2ja vikna auglýstur. Ef nauðsyn krefur má hnika til æfingatíma með viku fyrirvara en það skal þó gert í samráði við viðkomandi leikara.

2.5.2 Æfingar skal boða með minnst 24 klst fyrirvara og skal tekið fram í æfingaboði hve lengi æfing muni standa. Þurfi að afboða æfingu skal það gert með minnst 12 klst fyrirvara.

2.5.3 Leikara er skylt að mæta stundvíslega til æfinga og fara ekki af æfingu fyrr en henni er lokið, nema með leyfi leikstjóra.

2.5.4 Sýningaáætlun skal ná a.m.k. mánuð fram í tímann og skal hanga uppi á aðgengilegum stað. Ekki er hægt að ákveða sýningu með minna en fjögurra sólarhringa fyrirvara. Afboða ber sýningu með minnst 48 klst fyrirvara. Ef sýning er ekki afboðuð með tilskildum fyrirvara á leikari rétt á að færa þá sýningu inn í vinnuskyldu.

2.5.5 Á leiksýningu skal leikari vera mættur með hæfilegum fyrirvara fyrir byrjun þess atriðis sem hann kemur fram í. Leikara ber að tilkynna sýningarstjóra um komu sína í leikhúsið a.m.k. 30 mín. fyrir fyrstu innkomu. Leikari má ekki yfirgefa leikhúsið fyrr en þátttöku hans í verkinu er lokið.

2.5.6 Sýningarstjóri skal boða leikara til sýninga og nauðsynlegs undirbúnings. Sé leikari boðaður fyrr en 1 ½ klst. áður en sýning hefst, skal sá tími sem leikari vinnur þar til 1 ½ klst. áður en sýning hefst skráð á vinnuskýrslu og skal hún greidd til viðbótar við fastan tíma fyrir sýningu skv. grein 2.1.6.

2.6 Leikferðir

2.6.1 Ef um leikferð er að ræða sem fellur undir daglegan vinnutíma og leikari þarf ekki að dvelja fjarri heimili sínu yfir nótt, er eins og um venjulega leiksýningu sé að ræða. Þeir tímar sem fara fram yfir þann vinnustundafjölda sem dagleg æfing telst, þ.e. 6 klst og leiksýning reiknast, skulu greiddir sem yfirvinna. Í slíkum leikferðum skal LR greiða fyrir fæði og ferðakostnað.

2.6.2 Fyrir leiksýningar sem taka stuttan tíma í sýningu og falla undir gr. 2.1.6 skal greiða yfirvinnu ef ferðin tekur meira en 6 klst frá því lagt er af stað og þar til komið er til baka. LR skal greiða fæði og ferðakostnað.

2.6.3 Um lengri leikferðir skal semja sérstaklega hverju sinni. Leikara skal tilkynnt með minnst mánaðar fyrirvara hvenær brottför í slíkar leikferðir er fyrirhuguð og hve lengi hún muni standa.

2.7 Greiðsla fyrir sýningar

2.7.1 Greiða skal kr. 6.200.- fyrir hefðbundnar sýningar. Sýningar sem eru styttri en 1 klst. skulu greiddar með kr. 3.186.- Ekki er greitt sýningarálag á skólasýningar sem sýndar eru á dagvinnutíma. Þegar selt er inn á forsýningar skulu þær greiddar með 50% af sýningalaunum

2.7.2 Taki leikari að sér hlutverk með stuttum fyrirvara, t.d. vegna veikinda annars leikara, skal greiða honum álag. Greiðslan skal metin út frá hlutverkastærð og þeirri heimavinnu sem leikari þarf að vinna vegna þessa. Mat þetta er í höndum leikhússtjóra, leikstjóra og leikara og skal semja um álagsgreiðslu áður en verkið er unnið.

3 Kafli - Neysluhlé

3.1 Neysluhlé á æfingum/í verkefnum

Leikstjóri/verkefnastjóri ákveður hvenær gert skuli hlé á æfingum/verkefnum. Á hverjum 6 klst. vinnudegi skal gefa 30 mín matarhlé. Auk þess skal vera eitt 10 mín. hlé. Eftir 6 klst. skal veita 10 mín hlé fyrir hverja klst.

3.2 Ekki er um sérstök neysluhlé að ræða á sýningum.

4 Kafli - Orlof

4.1 Lengd orlofs

4.1.1 Um orlof fer skv. lögum um orlof nr. 30/1987.

4.1.2 Lágmarksorlof

Lágmarksorlof er 24 virkir dagar miðað við fullt ársstarf og nema þá orlofslaun 10,17%.

4.1.3 Ávinnsla orlofs og tímabil sumarorlofs

Ávinnsla orlofs miðast við orlofsárið sem er frá 1. maí til 30. apríl. Tímabil sumarorlofs er frá 1. maí til 30. september.

Veita ber a.m.k. fjórar vikur (20 virka daga) á tímabilinu 1. maí til 30. september. Þeir sem skv. ósk vinnuveitanda fá ekki 20 orlofsdaga á sumarorlofstímabilinu eiga rétt á 25% álagi á það sem vantar á 20 dagana.

Leikurum skal tilkynnt í síðasta lagi 15. mars hvenær sumarleyfi þeirra hefjast.

4.1.4 Orlof fastráðins og ársráðins leikara

Fastráðnum og ársráðnum leikara ber 62 almanaksdaga samfelld sumarleyfi m.v. fullt starf heilt undangengið orlofsár.

Leikara ber að nýta orlof sitt að afloknu orlofsári, enda hafi honum verið tilkynnt með tilskyldum fyrirvara hvenær orlof hans stendur.

Fastráðinn og ársráðinn leikari skal fá 10,17% orlofsfé á alla yfirvinnu skv. samningi þessum. Við 30 ára aldur skal fastráðinn og ársráðinn leikari fá 11,59% og við 38 ára aldur 13,04%.

4.1.5 Orlof verkefnaráðins leikara

Verkefnaráðinn leikari fær ekki greidd laun frá LR í orlofi en skal fá 10,17% orlof á öll laun skv. samningi þessum á orlofsreikning.

Við 30 ára aldur skal verkefnaráðinn leikari fá 11,59% og við 38 ára 13,04%.

4.2 Veikindi í orlofi

4.2.1 Veikist leikari í orlofi innanlands það alvarlega að hann geti ekki notið orlofsins skal hann á fyrsta degi tilkynna það LR með sannanlegum hætti. Fram skal koma hjá hvaða lækni hann hyggst fá læknisvottorð.

- 4.2.2 Sama gildir ef leikari veikist í landi innan EES svæðisins, Sviss, Bandaríkjunum eða Kanada það alvarlega að það leiði til sjúkrahúsvistar (einn eða fleiri daga).
- 4.2.3 Fullnægi leikari tilkynningarskyldunni og standi veikindin lengur en í 3 sólarhringa innanlands eða 6 sólarhringa innan EES svæðisins, Sviss, Bandaríkjunum eða Kanada, á hann rétt á uppbótarorlofi jafnlangan tíma og veikindin sannanlega vöruðu. Undir framangreindum kringumstæðum skal leikari ávallt færa sönnur á veikindi sín með læknisvottorði.
- 4.2.4 LR á rétt á að láta trúnaðarlækni vitja leikara er veikst hefur í orlofi. Uppbótarorlof skal eftir því sem kostur er veitt á þeim tíma sem leikari óskar á tímabilinu 2. maí til 30. september, nema sérstaklega standi á.

5 Kafli - Vinnuslys, slysatryggingar, atvinnusjúkdómar og greiðsla launa í slysa- og veikindatilfellum

5.1 Tilkyningar, vottorð og útlagður kostnaður

- 5.1.1 Ef leikari verður óvinnufær vegna veikinda eða slyss, skal hann tilkynna það þegar í upphafi vinnudags. LR ákveður hvort læknisvottorðs skuli krafist og hvort það skuli vera frá trúnaðarlækni fyrirtækis. Krefjast má læknisvottorðs af leikara vegna óvinnufærni hvenær sem þykir þörf á.
- 5.1.2 Skylt er leikara sem er óvinnufær vegna veikinda eða slyss að gangast undir hverja þá venjulegu og viðurkenndu læknisrannsókn sem trúnaðarlæknir kann að telja nauðsynlega til þess að skorið verði úr því hvort forföll séu lögmæt, enda sé kostnaður vegna viðtals við lækni og nauðsynlegra læknisrannsókna greiddur af LR.
- 5.1.3 Endurgreiða skal leikara gjald vegna læknisvottorða sem krafist er skv. gr. 4.1.1 og 4.1.2. Sama gildir um viðtal hjá lækni vegna öflunar vottorðs.

5.2 Vinnuslys og atvinnusjúkdómar

5.2.1 Sjúkrakostnaður

Við vinnuslys kosti LR flutning hins slasaða til heimilis eða sjúkrahúss og endurgreiði honum eðlilegan útlagðan sjúkrakostnað í hverju tilfelli, annan en þann sem almannatryggingar greiða. Hvað varðar sjúkra- og flutningskostnað teljast slys á beinni leið til og frá vinnu til vinnuslysa.

5.2.2 Launagreiðslur í vinnuslysa- eða atvinnusjúkdómatilfellum

Í hverju vinnuslysa- eða atvinnusjúkdómstilfelli sem orsakast við vinnuna eða af henni eða flutnings til og frá vinnustað, greiðir LR laun fyrir dagvinnu í allt að 3 mánuði enda gangi dagpeningar frá Tryggingastofnun ríkisins vegna þessara daga til LR.

5.3 Réttur til launa vegna veikinda og slysa

5.3.1 Laun í veikinda- og slysaforföllum á fyrsta ári

Launagreiðslum til leikara í veikindaforföllum þeirra hjá sama vinnuveitanda, skal á 1. ári haga þannig að tveir dagar greiðast fyrir hvern unninn mánuð.

5.3.2 Laun í veikinda- og slysatilfellum eftir eitt ár

Launagreiðslu til leikara í veikindaforföllum þeirra sem unnið hafa hjá LR í eitt ár eða meira skal haga þannig:

- Eftir 1 árs starf hjá sama vinnuveitanda 2 mánuði á hverjum 12 mánuðum.
- Eftir 5 ára starf hjá sama vinnuveitanda 4 mánuði á hverjum 12 mánuðum.
- Eftir 10 ára starf hjá sama vinnuveitanda 6 mánuði á hverjum 12 mánuðum.

5.4 Launhugtök

Föst laun

Með föstum launum er átt við dagvinnulaun auk fastrar reglubundinnar yfirvinnu. Yfirvinna í skilningi þessarar greinar telst föst og reglubundin hafi hún verið samfelld síðustu fjóra mánuði.

Dagvinnulaun

Með dagvinnulaunum er hér átt við föst laun fyrir vinnu á dagvinnutímabili, ásamt föstum aukagreiðslum öðrum en kostnaðargreiðslum.

5.5 Starfshæfnisvottorð

- 5.5.1 LR getur óskað þess að leikari, sem verið hefur óvinnufær vegna veikinda eða slysa samfelld í 1 mánuð eða lengur, leggi fram vottorð um starfshæfni áður en hann hefur störf að nýju. Krefjast má vottorðs trúnaðarlæknis LR.

5.6 Skráning veikindadaga

- 5.6.1 Halda skal skrá yfir veikindadaga leikara.

5.7 Forföll af óviðráðanlegum ástæðum

- 5.7.1 Leikari á rétt á leyfi frá störfum þegar um óviðráðanlegar (force majeure) og brýnar fjölskylduástæður er að ræða vegna sjúkdóms eða slyss sem krefjast tafarlausrar nærveru leikara.

Leikari á ekki rétt á launum frá LR í framangreindum tilfellum, sbr. þó ákvæði gr. 5.8.1.

5.8 Veikindi barna yngri en 13 ára

- 5.8.1 Fyrstu sex mánuði í starfi hjá vinnuveitanda er foreldri heimilt að verja tveimur dögum fyrir hvern unninn mánuð til aðhlyningar sjúkum börnum sínum undir 13 ára aldri, enda verði annarri umönnun ekki við komið. Eftir 6 mánaða starf verður rétturinn 12 dagar á hverju 12 mánaða tímabili. Foreldri heldur dagvinnulaunum sínum, svo og vaktaálagi þar sem það á við.

Með foreldri í 1. mgr. er einnig átt við fósturforeldri eða forráðamann, sem er framfærandi barns og komi þá í stað foreldris.

5.9 Mæðraskoðun

Barnshafandi konur eiga rétt til nauðsynlegra fjarvista frá vinnu vegna mæðraskoðunar án frádráttar á föstum launum þurfi slík skoðun að fara fram í vinnutíma.

5.10 Dánar-, slysa- og örorkutryggingar

Njóti leikari ekki dánar-, slysa- og örorkutrygginga skv. gildandi ráðningarsamningi skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

5.10.1 LR tryggir það launafólk, sem samningur þessi tekur til, fyrir dauða, varanlegri læknisfræðilegri örorku og/eða tímabundinni örorku af völdum slyss við vinnu eða á eðlilegri leið frá heimili til vinnustaðar og frá vinnustað til heimilis. Ef leikari hefur vegna starfs síns viðlegustað utan heimilis, kemur viðlegustaður í stað heimilis, en tryggingin tekur þá einnig til eðlilegra ferða milli heimilis og viðlegustaðar.

5.10.2 Vátrygging gildir í ferðum innanlands og utan sem farnar eru á vegum LR.

5.10.3 Tryggingin skal ná til slysa, er verða við íþróttaiðkun, keppni og leiki, enda hafi slíkt farið fram á vegum LR eða leikarafélags og ætlast sé til þátttöku í slíkri iðkun sem hluti af starfi leikara. Ekki skiptir máli að þessu leyti hvort slysið verður á hefðbundnum vinnutíma eða utan hans. Undanskilin eru slys er verða í hnefaleikum, hvers konar glímu, akstursíþróttum, drekaflugi, svifflugi, teygjustökki, fjallaklifri sem krefst sérstaks búnaðar, bjargsigi, froskköfun og fallhlífastökki.

5.10.4 Tryggingin greiðir ekki bætur vegna slyss, sem hlotist hefur af notkun skráningarskyldra vélknúinna ökutækja og er bótaskyld skv. lögboðinni ökutækjategyggingu, hvort heldur ábyrgðartryggingu eða slysatryggingu ökumanns og eiganda skv. umferðarlögum.

5.10.5 Tryggingin tekur gildi gagnvart leikara þegar hann hefur störf fyrir LR (fer á launaskrá) og fellur úr gildi þegar hann hættir störfum.

5.10.6 Vísitala og vísitölutenging bóta

Vátryggingafjárhæðir miðast við vísitölu neysliverðs til verðtryggingar sem gildir frá 1. júní 2011 (374,1 stig) og breytast 1. dag hvers mánaðar í réttu hlutfalli við breytingu vísitölnnar.

Bótafjárhæðir reiknast á grundvelli vátryggingarfjárhæða á slysdegi en breytast með vísitölu neysliverðs til verðtryggingar í réttu hlutfalli við breytingu vísitölnnar frá slysdegi til uppgjörsdags.

5.10.7 Dánarbætur

5.10.7.1 Valdi slys dauða váttryggðs innan þriggja ára frá slysdegi, greiðast rétthafa dánarbætur að frádregnum þegar útgreiddum bótum fyrir varanlega læknisfræðilega örorku vegna sama slyss.

5.10.7.2 Dánarbætur eru:

Til eftirlifandi maka skulu bætur nema kr. 6.618.896.

Með maka er átt við einstakling í hjúskap, staðfestri samvist eða í skráðri óvígðri sambúð með hinum látna.

Til hvers ólögráða barns sem hinn látni fór með forsjá með eða greiddi meðlag með samkvæmt barnalögum nr. 76/2003 skulu bætur vera jafnháar heildarfjárhæð barnalífeyris skv. almannatryggingalögum hverju sinni, sem það hefði átt rétt til vegna andlátsins til 18 ára aldurs. Um er að ræða eingreiðslubætur. Við útreikning bóta skal miðað við fjárhæð barnalífeyris á dánardegi. Bætur til hvers barns skulu þó aldrei nema lægri fjárhæð en kr. 2.647.558. Skulu bætur til barna greiddar út til þess sem fer með forsjá þeirra eftir andlát váttryggðs. Til hvers ungmennis á aldrinum 18-22 ára, sem áttu sama lögheimili og hinn látni og voru sannanlega á framfærslu hans skulu bætur vera kr. 661.890. Hafi hinn látni verið eini framfærandi barns eða ungmennis hækka bætur um 100%.

Hafi hinn látni sannanlega séð fyrir foreldri eða foreldrum 67 ára eða eldri, skal hið eftirlifandi foreldri eða foreldrar sameiginlega fá bætur er nema kr. 661.890.

Eigi hinn látni ekki maka skv. tölulíð 1. greiðast dánarbætur kr. 661.890. til dánarbús hins látna.

5.10.8 Bætur vegna varanlegrar örorku

Bætur vegna varanlegrar örorku greiðast í hlutfalli læknisfræðilegar afleiðingar slyss. Skal varanleg örorka metin til stiga samkvæmt töflu um miskastig, sem gefin er út af Örorkunefnd og skal matið miðast við heilsufar tjónþola eins og það er þegar það er orðið stöðugt.

Grunnfjárhæð örorkubóta er kr. 15.091.083. Bætur vegna varanlegrar örorku skulu reiknast þannig að fyrir hvert örorkustig frá 1-25 greiðast kr. 150.911, fyrir hvert örorkustig frá 26-50 greiðast kr. 301.822, fyrir hvert örorkustig frá 50-100 greiðast kr. 603.643. Bætur vegna 100% varanlegrar örorku eru því kr. 41.500.478.

Örorkubætur skulu jafnframt taka mið af aldri tjónþola á slysdegi þannig að bætur lækki um 2% fyrir hvert aldursár eftir 50 ára aldur. Eftir 70 ára aldur lækki bætur um 5% af grunnfjárhæð fyrir hvert aldursár. Aldurstenging örorkubóta skal þó aldrei leiða til meiri skerðingar en 90%.

5.10.9 Bætur vegna tímabundinnar örorku

Valdi slys tímabundinni örorku skal trygging greiða dagpeninga í hlutfalli við starfsorkumissinn fjórum vikum frá því slys átti sér stað og þar til leikari verður vinnufær eftir slysið eða þar til örorkumat hefur farið fram, þó ekki lengur en í 37 vikur.

Dagpeningar vegna tímabundinnar örorku eru kr. 33.094 á viku. Ef leikari er vinnufær að hluta greiðast dagpeningar hlutfallslega.

Dagpeningar úr tryggingu greiðast til LR meðan leikari fær greidd laun samkvæmt kjarasamningi eða ráðningarsamningi en síðan til leikara.

5.10.10 LR ber að kaupa tryggingu hjá tryggingafélagi með starfsleyfi hér á landi sem fullnægir ofangreindum skilyrðum kjarasamningsins um slysatryggingar.

Að öðru leyti en tiltekið er í þessum kafla samningsins skulu gilda um trygginguna skilmálar viðkomandi tryggingafélags og ákvæði laga um váttryggingasamninga nr. 30/2004.

Ofangreind ákvæði um slysatryggingar og nýjar bótafjárhæðir taka til slysa sem verða eftir 1.06.2011.

6.1 Ráðningarsamningar og ráðningarbréf.

6.1.1 Gera skal skriflegan ráðningarsamning eða ráðning staðfest skriflega áður en leikari hefur störf. Láti leikari af störfum án þess að skriflegur ráðningarsamningur hafi verið gerður eða ráðning staðfest skriflega, skal slík staðfesting látin í té við starfslok.

6.1.2 Breytingar á ráðningarkjörum umfram það sem leiðir af lögum eða kjarasamningum skal staðfesta með sama hætti eigi síðar en mánuði eftir að þær koma til framkvæmda.

6.1.3 Ákvæði gr. 6.1.1 og 6.1.2 gilda ekki við ráðningu í tilfallandi störf, að því tilskildu að hlutlægar ástæður liggi því til grundvallar.

6.1.4 Upplýsingaskylda vinnuveitanda - í ráðningarsamningi eða skriflegri staðfestingu ráðningar, þ.e. ráðningarbréfi, skal a.m.k. eftirfarandi koma fram:

1. Deili á aðilum þ.m.t. kennitölur.
2. Vinnustaður og heimilisfang vinnuveitanda. Sé ekki um fastan vinnustað að ræða, eða stað þar sem vinnan fer jafnaðarlega fram, skal koma fram að leikari sé ráðinn á mismunandi vinnustöðum.
3. Titill, staða, eðli eða tegund starfs sem leikari er ráðinn í eða stutt útlistun eða lýsing á starfinu.
4. Fyrsti starfsdagur.
5. Lengd ráðningar sé hún tímabundin.
6. Orlofsréttur.
7. Uppsagnarfrestur af hálfu vinnuveitanda og leikara.
8. Mánaðar- eða vikulaun, t.d. með tilvísun til launataxta, mánaðarlaun sem yfirvinna er reiknuð af, aðrar greiðslur eða hlunnindi svo og greiðslutímabil.
9. Lengd venjulegs vinnudags eða vinnuviku.
10. Lífeyrissjóður.
11. Tilvísun til gildandi kjarasamnings og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Upplýsingar samkvæmt 6. - 9. tl. má gefa með tilvísun til kjarasamninga.

6.1.5 Störf erlendis

Sé leikara falið að starfa í öðru landi í einn mánuð eða lengur skal hann fá skriflega staðfestingu ráðningar fyrir brottför. Auk upplýsinga skv. gr. 6.1.4 skal eftirfarandi koma fram:

1. Áætlaður starfstími erlendis.
2. Í hvaða gjaldmiðli laun eru greidd.
3. Uppbætur eða hlunnindi sem tengjast starfi erlendis.
4. Eftir atvikum skilyrði þess að leikari geti snúið aftur til heimalandsins.

Upplýsingar skv. 2. og 3. tl. má gefa með tilvísun til laga eða kjarasamninga.

6.1.6 Tímabundnar ráðningar

Um tímabundnar ráðningar fer skv. lögum nr. 139/2003 um tímabundna ráðningu starfsmanna.

6.1.7 Ráðningarsamningur skal gerður í þremur samhljóða eintökum, undirrituðum af báðum aðilum og haldi hvor sínu eintaki en það þriðja sendist FÍL.

6.2. Fastráðning, ársráðning og verkefnaráðning leikara

Leikarar hjá LR eru ýmist **fastráðnir** skv. 6.2.1, ráðnir tímabundið; **ársráðnir** skv. 6.2.2 eða **verkefnaráðnir** í eitt eða fleiri leikverk skv. 6.2.3.

6.2.1 Fastráðning

Ráðningartími fastráðins leikara er ótímabundinn og er gagnkvæmur uppsagnarfrestur 3 mánuðir. Sjá þó bókun 1 og 3.

6.2.2 Ársráðning

Ráðningartími ársráðins leikara er 12 – 24 mánuðir í senn og rennur ráðningarsamningur hans út án sérstakrar uppsagnar. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur á ráðningartímanum er 3 mánuðir. Leikhússtjóri skal boða leikara í viðtal 3 mánuðum áður en samningur rennur út til að ræða um það hvort af áframhaldandi ráðningu verður. Verði um framlengingu á starfi leikara sem starfað hefur samfelt í tvö ár hjá LR þá fær sá leikari fastráðningu og fer þá um uppsögn hans sbr. grein 6.2.1.

6.2.3 Verkefnaráðning

Ráðningartími verkefnaráðins leikara er frá undirritun samnings, samlestri eða fyrstu boðuðu æfingu til síðustu sýningar, þó ekki skemmri en 4 mánuðir.

Ráðningarsamningur verkefnaráðins leikara skuldbindur hann þó ekki lengur en í 12 mánuði frá frumsýningu, nema um annað sé samið sérstaklega. Óheimilt er að gera hlé á æfingum eða sýningum og taka leikara af launum, nema þess sé getið í ráðningarsamningi. Þegar leikari byrjar að æfa að vori skal greiða honum heilan mánuð af fjögurra mánaðasamningi nema æfingar að vori standi stutt, þá er heimilt að greiða fyrir þá daga sérstaklega og hefst þá hið fjögurra mánaða samningstímabil þegar æfingar hefjast að nýju um haustið.

Ráðningarsamningur verkefnaráðins leikara skal gerður með góðum fyrirvara áður en æfingar hefjast. Skal í honum tilgreint leikverk sem um ræðir, æfingartímabil og áætluð frumsýning.

Eftir að 4 mánaða samningstíma lýkur framlengist ráðning um einn mánuð í senn, á meðan á sýningum stendur. LR er þó heimilt að framlengja sýningartímabili í allt að

viku umfram heilan sýningarmánuð og skal þá greiða þriðjung fastra mánaðarlauna vegna þess tíma.

Verkefnaráðinn leikari hefur sömu skyldur og fastráðinn leikari meðan hann er á samningi hjá leikhúsinu.

Sé sýning flutt á milli leikára skal í lok þess leikárs sem er að líða gera samning um framhaldið og skal leikari þá fá mánaðarlaun frá upphafi nýs leikárs nema um annað sé samið.

Sé sýning endurupptekin á yfirstandandi eða komandi leikárum skal gera samning um slíkt og skal leikari fá mánaðarlaun frá upphafi vinnu við endurupptöku. Ráðning framlengist svo um mánuð í senn á meðan sýningum stendur. LR er þó heimilt að framlengja sýningartímabili í allt að viku umfram heilan sýningarmánuð og skal þá greiða þriðjung fastra mánaðarlauna vegna þess tíma.

6.3 Starfslok

Sé leikara sagt upp, eftir a.m.k. 10 ára samfelld starf hjá LR, er uppsagnarfrestur 4 mánuðir ef leikari er orðinn 55 ára, 5 mánuðir ef hann er orðinn 60 ára og 6 mánuðir þegar hann er orðinn 63 ára. Leikari getur hins vegar sagt upp starfi sínu með 3 mánaða fyrirvara.¹

6.4 Fæðingarorlof

Um greiðslur í fæðingarorlofi fer skv. lögum um fæðingarorlof.

Skv. lögum um fæðingar- og foreldraorlof skal fæðingarorlof reiknast til starfstíma við mat á starfstengdum réttindum, svo sem rétti til orlofstöku og lengingar orlofs skv. kjarasamningum, starfsaldurshækkana, veikindaréttar og uppsagnarfrests. Sama gildir ef kona þarf af öryggisásæðum að leggja niður störf á meðgöngutíma, sbr. reglugerð um ráðstafanir til þess að auka öryggi og heilbrigði á vinnustöðum fyrir konur sem eru þungaðar, hafa nýlega alið barn eða hafa barn á brjósti.

Fæðingarorlof telst til unnins tíma við útreikning orlofsréttar, þ.e. réttar til frítöku en ekki orlofslauna.

¹ Sjá þó bókun 1.

7.1 Launaseðill

- 7.1.1 Við greiðslu launa til leikara á hann rétt á að fá launaseðil merktan nafni sínu. Á launaseðli skulu tilgreind föst laun leikara það tímabil sem greiðslan tekur til, fjöldi yfirvinnustunda, uppsafnaður frítökuréttur og sundurliðun einstakra tekna og frádráttarliða sem leiða til útgreiddra launafjárhæða.

7.2 Félagsgjöld

- 7.2.1 Atvinnurekandi hafi milligöngu um skil félagsgjalda til FÍL og BHM nema leikari óski annars. Félagsgjöldum skal þá skilað mánaðarlega.

7.3 Orlofssjóður / starfsmenntasjóður

- 7.3.1 LR greiðir 0,25% af heildarlaunum leikara í orlofssjóð BHM
- 7.3.2 LR greiðir 0,25% af heildarlaunum leikara í starfsmenntasjóð BHM

7.4 Sjúkrasjóður

- 7.4.1 LR greiðir 1,0% af launum leikara í sjúkrasjóð BHM.

7.5 Lífeyrissjóður

- 7.5.1 Leikari greiðir 4% af launum í lífeyrissjóð og LR greiðir 8% mótframlag. Verði, á gildistíma samnings þessa, samið um breytingar á framlagi í lífeyrissjóði á almennum markaði þá mun þessi samningur taka mið af því.
- 7.5.2 Viðbótarlífeyrissparnaður
- Óski leikari eftir að gera samning um viðbótarlífeyrissparnað greiðir LR 2% mótframlag gegn, að lágmarki 2% greiðslu leikara af heildarlaunum í séreignarlífeyrissjóð.

7.6 Trúnaðarmenn

- 7.6.1 Félagsmönnum í FÍL sem starfa hjá LR er heimilt að kjósa einn trúnaðarmann úr hópi fastráðinna leikara.
- 7.6.2 Trúnaðarmenn verði eigi tilnefndir til lengri tíma en tveggja ára í senn.
- 7.6.3 Trúnaðarmönnum á vinnustöðum skal í samráði við verkstjóra heimilt að verja eftir því sem þörf krefur tíma til starfa, sem þeim kunna að vera falin af félagsmönnum á viðkomandi vinnustað og/eða viðkomandi verkalýðsfélagi vegna starfa þeirra sem trúnaðarmanna og skulu laun þeirra ekki skerðast af þeim sökum.

7.6.4 Gögn sem trúnaðarmenn hafa aðgang að

Trúnaðarmanni skal heimilt í sambandi við ágreiningsefnið að yfirfara gögn og vinnuskýrslur, sem ágreiningsefnið varðar. Fara skal með slíkar upplýsingar sem trúnaðarmál.

7.6.5 Aðstaða trúnaðarmanna

Trúnaðarmaður á vinnustað skal hafa aðgang að læstri hirslu og aðgang að síma í samráði við yfirstjórn.

7.6.6 Fundir á vinnustað

Trúnaðarmanni hjá hverju fyrirtæki skal heimilt að boða til fundar með leikurum tvisvar á ári á vinnustað í vinnutíma. Fundirnir hefjist einni klst. fyrir lok dagvinnutíma, eftir því sem við verður komið. Til fundanna skal boða í samráði við viðkomandi verkalýðsfélag og stjórnendur fyrirtækisins með þriggja daga fyrirvara nema fundaeftni sé mög brýnt og í beinum tengslum við vandamál á vinnustaðnum. Þá nægir eins dags fyrirvari. Laun leikara skerðist eigi af þessum sökum fyrstu klst. fundartímans.

7.6.7 Kvartanir trúnaðarmanna

Leikurum er heimilt að snúa sér til trúnaðarmanns með hvers konar óskir og kvartanir viðvirkjandi aðbúnað við vinnuna eða öðru sem þeir telja ábótavant.

Trúnaðarmaður skal bera kvartanir leikara upp við viðkomandi stjórnendur fyrirtækis, áður en leitað er til annarra aðila.

7.6.8 Vernd trúnaðarmanna í starfi

Trúnaðarmaður skal í engu gjalda þess hjá atvinnurekanda að hann beri framkvartanir fyrir hönd leikara.

Óheimilt er að segja trúnaðarmönnum upp vinnu vegna starfa þeirra sem trúnaðarmanna eða láta þá á nokkurn annan hátt gjalda þess að stéttarfélag hefur falið þeim að gegna trúnaðarmannsstörfum fyrir sig.

7.6.9 Trúnaðarmannanámskeið

Trúnaðarmanni skal gefinn kostur á að sækja námskeið sem miða að því að gera hann hæfari í starfi. Hver trúnaðarmaður hefur rétt á að sækja eitt eða fleiri námskeið sem skipulögð eru af stéttarfélagunum og ætlað er að gera trúnaðarmönnum betur kleift að takast á við starf sitt, samtals í eina viku á ári. Þeir sem námskeiðin sækja skulu halda dagvinnutekjum í allt að eina viku á ári.

7.7. Öryggisverðir og öryggistrúnaðarmenn

7.7.1 LR tilnefnir einn aðila af sinni hálfu öryggisvörð og leikarar skulu kjósa annan úr sínum hópi öryggistrúnaðarmann.

7.7.2 Öryggisnefnd

Ef 50 leikarar eða fleiri starfa hjá LR skal stofna öryggisnefnd. Leikarar kjósa úr hópi fastráðinna leikara tvo öryggistrúnaðarmenn en atvinnurekandi tilnefnir tvo öryggisverði. Þessi nefnd skal skipuleggja aðgerðir varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi innan fyrirtækisins, annast fræðslu leikara um þessi efni og hafa eftirlit á vinnustöðum með því að ráðstafanir, er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi komi að tilætluðum notum.

7.7.3 Öryggisvörður, öryggistrúnaðarmaður eða öryggisnefnd starfa skv. lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

7.7.9 Öryggistrúnaðarmenn og fulltrúar leikara í öryggisnefnd njóta þeirra verndar, sem ákveðin er í 11. grein [laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.](#)

7.8 Forgangsréttur

7.8.1 LR skuldbindur sig til að láta félagsmenn FÍL sitja fyrir hlutverkum í leiksýningum.

7.8.2 Telji LR nauðsynlegt að ráða utanfélagsmann í hlutverk skal leita samþykkis stjórnar 2. deildar FÍL og skal hann fá greidd laun skv. samningi þessum, enda haldi LR eftir af launum hans félagsgjaldi skv. gr. 16.2 sem renni til FÍL eins og um félagsmann væri að ræða.

7.8.4 Undanþegnir ákvæðum gr. 7.8.1 og 7.8.3 eru þeir þátttakendur í leiksýningum sem eru yngri en 18 ára, svo og aukaleikarar (statistar).

- 8.1 Leikbúningar . LR leggur til leikbúninga, hárkollur, farða og nauðsynlega muni til leiks í hlutverki hvers leikara eftir því sem þörf er á.
- 8.2 LR skuldbindur sig til, eftir því sem við verður komið, að veita leikurum, sem starfað hafa hjá LR í fullu starfi, launað leyfi til endurmenntunar og til að kynna sér leikhúsmenningu erlendis sem hér segir:

eftir 10 ára starf 4 mánaða leyfi,
þar á eftir á leikari rétt á 2 mánaða leyfi fimmta hvert ár.

Skulu viðkomandi í samráði við leikhússtjóra skipuleggja slíkt leyfi með minnst 6 mánaða fyrirvara.

9 Kafli - Upptökur á hljóðbönd og myndbönd

- 9.1 LR skal heimilt að taka upp í heimildar- og kynningarskyni á myndband/hljóðband leiksýningar sem sviðsettar eru á þess vegum.
- 9.2 Ef LR og/eða þriðji aðili falast eftir upptökunum til útgáfu eða dreifingar skulu gerðir um það sérstakir samningar við þann aðila, LR og FÍL.
- 9.3 Að öðru leyti fer um slíkar upptökur skv. lögum um höfunda- og flytjendarétt.

10 Kafli - Ýmis ákvæði

- 10.1 Leikara ber að hlíta þeim fyrirmælum, sem sett kunna að verða í samþykktum LR enda sé ekki raskað umsömdum rétti hans skv. samningi þessum.
- 10.2 Fastráðnum og ársráðnum leikurum er óheimilt að koma fram í leiksýningum hjá öðrum, í sjónvarpsleik og kvikmyndum, án samþykkis leikhússtjóra. Slíkt leyfi ber að veita enda hamli það ekki starfi leikara hjá LR. Hamli það hins vegar starfi hans hjá LR á viðkomandi leikari þess kost að fara í launalaust leyfi, að fengnu samþykki leikhússtjóra.
- 10.3 Aðilar að samningi þessum skulu hvor um sig tilnefna tvo menn í samstarfsnefnd til að fjalla um og jafna ágreining sem upp kann að koma við framkvæmd eða túlkun samningsins.
- 10.4 Rísi mál út af samningi þessum má reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur og skuldbinda báðir aðilar sig til að mæta með innanbæjarfyrirvara.

11.1 Samningur þessi gildir frá 1. október 2016 til 31. mars 2019 með þeim fyrirvörum sem í samningi þessum felast og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Verði gerðar breytingar á samningsákvæðum á grundvelli forsenduákvæðis í kjarasamningum SA og aðildarsamtaka ASÍ frá 29. maí og 22. júní 2015, skal það sama gilda um samning þennan.

11.2 Launafjárhæðir (mánaðarlaun og sýningalaun) í samningi þessum (nema orlofs – og desemberuppbót) taka eftirfarandi hækkunum á samningstímanum;

- 1. ágúst 2017 um 4,5%
- 1. febrúar 2018 um 3,0%

Reykjavík, 21. nóvember 2016

F.h. LEIKFÉLAGS REYKJAVÍKUR ses.
með fyrirvara um samþykki stjórnar:

F.h. FÉLAGS ÍSLENSKRA LEIKARA
með fyrirvara um samþ. deildar og trúnaðarm:

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir

Birna Hafstein

Bókanir FÍL og LR með kjarasamningi aðila dags. 3. nóvember 2016

Bókun 1

Uppsagnarfrestur leikarar sem eru fastráðnir hjá LR 1. nóvember 2009 skal áfram vera 6 mánuðir meðan þeir starfa óslitið hjá LR.

Bókun 2

Heimilt er að boða með samþykki leikara á orlofstíma innan vinnuskyldu við búningamátun, vegna kynningarmála o.þ.h. Um er að ræða undantekningartilfelli sem væri að hámarki tvisvar á leikári, einu sinni að vori og einu sinni að haust.

Bókun 3

Starfsmaður á rétt á viðtali um starfslok sín og ástæður uppsagnar og skal hann setja frambeiðni þar um innan 4 sólarhringa frá uppsögn. Fallist atvinnurekandi á þessa ósk starfsmannsins skal viðtal eiga sér stað innan 4 sólarhringa. Ef atvinnurekandi fellst ekki á viðtal eða ef starfsmaður óskar þess, að loknu viðtali, þá skal atvinnurekandi skýra ástæður uppsagnar skriflega. Fallist atvinnurekandi ekki á aðveita skriflegar skýringar á starfsmaður rétt á því að hann gefi skýringar á uppsögninni á fundi með starfsmanninum og trúnaðarmanni hans eða öðrum fulltrúa stéttarfélags síns.

Bókun 4

Að leikhúsið beri það undir leikara í burðarhlutverkum eða trúnaðarmann sýningar þegar áformaðar eru tvær sýningar sama dag á leikverki sem er mjög krefjandi fyrir aðalleikara eða leikhópin allan. (Sbr. Mamma Mia, Njála, Lína langsokkur) Hvort sem um er að ræða líkamlega eða andlega krefjandi verk. Slíkt samtal er ber vitni um gott vinnulag og eykur gagnkvæma virðingu á milli aðila. Umrætt samtal milli aðila skal fara fram amk 4 vikum áður en sýningar eru áformaðar eða fara í sölu. Verði af tvöföldum sýningardegi er æskilegt að næsti dagur sé frídagur, barnasýningar sem einungis eru sýndar um helgar eru þó undantekning, enda sé leikari þá ekki að sýna mánudag og þriðjudag í vikunni á eftir.

Bókun 5

Stefna leikhússins er að leikari fái að aflokinni frumsýningu nauðsynlegt andrými og mun leikhúsið því leita allra leiða til að veita leikara hæfilegt æfingafrí eftir hverja frumsýningu. Líta skal til stærðar hlutverks, álags á æfingatíma og starfssemi leikhússins í þessu sambandi.

Bókun 6

Aðilar eru sammála um að vinna í sameiningu að því að gera heildstæðan samninga er taki til allra hlutaðeigandi aðila; höfunda, flytjenda, listrænna stjórnenda, leikhússins og sjónvarpsstöðva um sjónvarpsupptökur/útsendingar á leikverkum.

~~Varðandi leikverk til sýninga í sjónvarpi þá eru samningasaðilar sammála um að setja sér það markmið að fá alla hlutaðeigandi aðila að samningaborði þannig að hægt sé að gera heildstæðan~~

samning milli leikhússins, viðkomandi sjónvarpstöðvar og þeirra sem hagsmuna gæta fyrir höfunda og flytjendur.